

Velferðarsvið Kópavogsbæjar

Ársskýrsla 2012

1972–2012



VELFERÐARSVIÐ KÓPAVOGSBÆJAR

Ársskýrsla 2012

Velferðarsvið Kópavogs
Fannborg 4
Sími: 570-1500
Bakvakt barnaverndar: 112
www.kopavogur.is

Útgefandi: Velferðarsvið Kópavogsbæjar
Ábyrgðarmaður: Aðalsteinn Sigfússon
Hönnun og uppsetning: Rannveig María Þorsteinsdóttir
Prentun: Svansprent

Efnisyfirlit

NEFNDIR OG RÁÐ	5
SKIPURIT VELFERÐARSVIÐSINS	6
ÁVARP SVIÐSSTJÓRA VELFERÐARSVIÐS	7
SKIPTING FJÁRMAGNS	11
RÁÐGJAFI OG ÍBÚÐAÐEILD.....	12
ÞJÓNUSTUÐEILD FATLAÐS FÓLKIS	17
ÞJÓNUSTUÐEILD ALDRAÐS FÓLKIS	23
BARNAVERND	29
ALMENN SKRIFSTOFA	35
ÞRÓUN VERKEFNA.....	37
LÖGFRÆÐINGUR.....	41

Nefndir og ráð

FÉLAGSMÁLARÁÐ

Sigurjón Örn Þórsson formaður
Kjartan Sigurgeirsson
Sverris Óskarsson
Haukur Guðmundsson
Guðríður Arnardóttir
Guðbjörg Sveinsdóttir
Ásdís Helga Jóhannesdóttir

Frá 1.1.2012 til 21.2.2012

Guðríður Arnardóttir, formaður
Guðbjörg Sveinsdóttir
Pór Ásgeirsson
Karen E. Halldórsdóttir
Kjartan Sigurgeirsson

BARNAVERNDARNEFND

Andrés Pétursson, formaður
Benedikt Hallgrímsson
Ingibjörg Sveinsdóttir
Jón Kr. Snæhólm
Magnús Norðdahl


Aðrir fulltrúar á árinu

Bragi Þór Thoroddsen, formaður
Jóhanna Thorsteinsson

Frá 1.1.2012 til 8.3.2012

Magnús Norðdahl, formaður
Jóhanna Thorsteinson
Ingibjörg Sveinsdóttir
Sverrir Óskarsson
Óttar Felix Hauksson

Skipurit velferðarsviðs




Ávarp sviðsstjóra velferðarsviðs

40 ár í Kópavogi


Liðin eru fjórtíu ár frá því að skipulögð félagsþjónusta var sett á laggirnar í Kópavogi. Þá voru þrír starfsmenn sem önnuðust í byrjun barnavernd, heimaþjónustu og félagsstarf aldraðra.

Frá árinu 1972 til ársins í ár hafa eðlilega orðið miklar breytingar í starfsemi félagsþjónustu. Þjóðfélagið er gjörbreytt og bærinn hefur þrefaldast að stærð á þessum fjórtíu árum. Ný og endurskoðuð löggjöf hefur litið dagsins ljós, ný og breytt viðhorf eru komin fram og taka allar áherslur mið af því. Kópavogsbúar voru tæplega 11 þúsund talsins árið 1972 en eru í dag 31.767, sjá mynd. Ef horft er til síðustu 15 ára hefur íbúum fjölgað um 60%. Hlutfallslega hefur þó öldruðum fjölgað mun meira á þessu tímabili en þeir eru nærri tvöfalt fleiri. Börnum hefur fjölgað minna eða um 50%. Breytingar á mannfjölda er óhjákvæmilega stór þáttur á þróun velferðarþjónustu, því þó fjölbreytileiki mannlífsins sé mikill, þá verður mannfjöldinn alltaf ráðandi áhrifaþáttur.




Þjónusta við íbúa

Eins og áður sagði voru þrír starfsmenn sem störfuðu að velferðarmálum þegar skipulögð félagsþjónusta var sett á laggirnar. Árið 1998 voru stöðugildi velferðarþjónustunnar 70,65, 2002 voru þau orðin 86,5 en eru nú 172,0. Af þessum 172,0 eru 88,5 í þjónustu við fatlað fólk. Þrátt fyrir nokkra fækkun stöðugilda innan ákveðinna eininga velferðarþjónustunnar á sl. árum vegna tilfærslu verkefna innan stjórnsýslu bæjarins hefur heildarfjöldun stöðugilda næstum tvöfaldast. Umhverfi sviðsins hefur því gjörbreytt frá því sem áður var sem aftur hefur kallað á flóknari þjónustu, breytta stjórnun og gert meiri kröfur til starfsmanna. Þjónunusta velferðarsviðs er ekki aðeins




margbreytileg, heldur sjálfsögð þjónusta í nútíma samfélagi og helgast hún fyrst og fremst því að veita þeim aðstoð sem minna mega sín, hvort heldur er vegna fötlunar, veikinda, fátæktar eða annarra orsaka sem kalla á samfélagslega aðstoð. Íbúar bæjarins eiga að vera stoltir af því að hafi yfir slíkrri þjónustu að ráða, að geta verið vissir um að fá leiðsögn og aðstoð ef eitthvað fer úrskaiðis. Slík aðstoð getur verið ómetanleg þegar á reynir. Aðstoðin verður þó aldrei betri en sá skilningur sem að baki liggur hjá pólitískt kjörnum fulltrúum bæjarins. Það er ánægjulegt að geta fullyrt að þessir aðilar hafa í gegnum tíðina látið sig veg velferðarsviðsins miklu skipta og þannig lagt grunn að og byggt upp svið sem orðið hefur að sjálfsögðum þætti í samfélaginu okkar. Undanfarnir ár hafa reynt mjög á fjárhagslega afkomu íbúa eins og annarra í landinu, en tíminn frá falli bankanna hefur verið mörgum einstaklega erfiður, ef ekki flestum. Gjörbreyting hefur orðið á íslensku samfélagi hvað varðar atvinnuleysi, fjárhagslega erfiðleika, fjárhagsleg og atvinnuleg tækifæri, sér í lagi ungs fólks og þjónustu bæði á vegum opinberra aðila og annarra. Öll þessi svið varða viðfangsefni félagsþjónustu í dag og í nánustu framtíð því þau snerta grunnþarfir einstaklinga. Hafi einstaklingar ekki atvinnu er vegið alvarlega að sjálfsmynd þeirra og lífsafkomu og andlegri og líkamlegri heilsu hrakar. Félagþjónusta sem veitt er af velferðarsviði er því í raun órjúfanlegur þáttur í heilbrigðisþjónustu landsmanna og mikilvægt að skilgreina hana þannig.



Grunnþjónusta

Á undanförunum árum hefur fjárhagsaðstoð verið veitt til u.þ.b. 650 einstaklinga og fjölskyldna í bænum og hefur þessi fjöldi ríflega tvöfaldast frá falli bankanna. Um 20% aðstoðarinnar hefur verið veitt sérstaklega vegna barna og þá til foreldra sem eru í atvinnutengdum úrræðum, námi eða glíma við fátækt. Hér er um mikilvægt forvarnarstarf að ræða og óásættanlegt ef ekki er komið ríkulega á móts við börn sem hafa ekki að einhverjum ástæðum það bakland sem til þarf svo þau standi jafnfætis jafnöldrum sínum. Hafa starfsmenn því lagt sig fram um að greina vanda með það í huga að koma til móts við foreldra barna. Starfsmenn hafa lagt forvörnum lið með vandaðri vinnu sinni, enda er fjárhagsaðstoð að þessu leyti til, hluti af fyrirbyggjandi barnavernd. Árið 2002 hafði velferðarsvið yfir 200 leiguíbúðum að ráða, en sá fjöldi hefur tvöfaldast á undanförunum tíu árum.

Leiguíbúðir bæjarins eru afar mikilvægt úrræði til handa þeim sem af ýmsum ástæðum hafa farið varhluta af gæðum. Öruggt heimili er forsenda farsældar okkar allra. Bæjar-yfirvöld hafa lagt áherslu á að hafa tiltækar íbúðir eftir því sem kostur er og með því



lagt grunn að öryggi fjölda einstaklinga og fjölskyldna.

Þjónusta við fatlað fólk

Megin breytingar urðu á árin 2011 er vörðuðu þjónustu við fatlað fólk þegar mála-flokkurinn færðist alfarið yfir til sveitarfélaga. Áður höfðu sveitarfélögin annast almenna þjónustu en ríkið alla frekari og umfangsmeiri þjónustu. Undirbúningur að þessum breytingum af hálfu ríkis og sveitarfélaga hófst ekki fyrir alvöru fyrr en árið 2010 og var því aðdragandi yfirtöknunar afar stuttur, ekki síst í ljósi þess að væntingar um aukna þjónustu voru eðlilega afar miklar af hálfu fatlaðs fólks og aðstandenda þeirra og þar sem ljóst var að ríkið hugðist leggja grunn að bæði aukinni þjónustu og breyttri, eftir að yfirtakan færi fram. Við áramót 2011/2012 færðust yfir til bæjarfélagsins 84 heil stöðugildi, átta starfsstöðvar og marbreytileg önnur þjónusta við 150 notendur. Stöðugildum á skrifstofu fjölgaði úr tveimur í fimm og hálf, auk þess sem almenn skrifstofa sviðsins lagði til eitt stöðugildi. Það verður að segja að yfirfærslan hafi gengið afar vel fyrir sig, þrátt fyrir skamman undirbúning, og afar flókin málaflókk út frá hugmyndafræðilegum, faglegum og fjárhagslegum sjónarmiðum. Þakka ber samhentum starfsmannahópi þjónustudeildar fatlaðs fólks hvernig til tókst því þar var unnið af hugrekki og einstökum dugnaði við að byggja upp þjónustu í nýjum aðstæðum. Í heildina séð var undirbúningur af hálfu velferðarsviðsins og annarra sviða til fyrirmyndar. Á árinu var, fyrir utan daglega þjónustu, lagður grunnur að verkferlum, reglum og áætlunum í mála-flokknum. Bæjaryfirvöld tóku m.a. ákvörðun um að hefja undirbúning að uppbyggingu húsnæðisúrræða til að eyða biðlistum þeirra sem mesta þörf höfðu fyrir þjónustu. Almenn þjónusta, svo sem ferðaþjónusta gekk sem endranær vel fyrir sig.

Þjónusta við aldrað fólk

Á árinu kom vel fram hversu mikil aukning er í þjónustu félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar og ljóst er að félagsþjónusta þarf að beinast í æ ríkari mæli að þjónustu á heimilum aldraðra. Hjúkrunarrýmum hefur fækkað í heild á undanförunum árum, rekstur þeirra hefur orðið dýrari og aldraðir eru langlífari en áður um leið og þeim fjölgar hlutfallslega meira en öðrum aldurshópum. Leitast þarf því við að auka hvers konar heimaþjónustu og gera fólki þannig kleift að búa sem lengst heima við eins góðar aðstæður og kostur er áður en leitað er eftir þjónustu utan heimilis. Þetta má m.a. gera með auknu samstarfi milli félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar, helst sameiningu þessara þjónustupátta. Velta má fyrir sér sameiginlegri fjárhagslegri aðkomu sveitarfélags og viðkomandi þjónustunotanda þegar þjónusta á heimili verður mjög umfangsmikil ef þjónustunotandi kys svo og hefur bolmagn til þess.

Barnavernd

Á árinu var tilkynnt um vanrækslu barna í 198 tilvikum og er það fyrir utan aðrar tilkynningar. Þær voru vegna 462 barna. Tilkynningum hefur heldur fjölgað á sl. árum frá skólum, en eru fáar frá leikskólum sem er nokkuð sérstakt. Vanræksla er má segja nokkuð dulið vandamál þar sem ekki ber jafnt á henni eins og þegar um ofbeldi er að ræða. Vanræksla er þó engu síður alvarleg misfella í uppeldi barna því slík hegðun foreldra er andstæð velferð einstaklings sem er að vaxa úr grasi þar sem ekki er lagður grunnur að sjálfsöryggi og vellíðan með hvatningu og góðri umönnun. Góð barnavernd byggir á tvennu: Annars vegar öflugum forvarnar- og kynningarstarfi í heilsugæslu, leikskólum, grunnskólum og meðal borgaranna í samfélaginu. Hér má alltaf gera betur.

Hins vegar með því að sveitarfélög hafi á að skipa sérhæfðu starfsfólki á sviði barnaverndar til að takast á við barnaverndarmál þegar upp koma. Þessi mál eru misjöfn, en flest hver kalla þau á aðgerðir, oft viðamiklar, og jafnvel forsjársviptingu í erfiðustu málunum. Til barnaverndarstarfs í Kópavogi hafa valist vandaðir starfsmenn sem vinna störf sín af alúð, vandvirkni og þolinmæði, en um vandasöm og átakasöm störf er oftast að ræða. Barnaverndarstofa hefur sérstaklega komið því á framfæri að starfsmenn barnaverndar í Kópavogi framkvæmi störf sín af vandvirkni. Þrátt fyrir þetta er mikilvægt að stefna að enn betri og markvissari barnavernd, sérstaklega fyrir börn fram til sex ára aldurs, en á þessum árum er lagður grunnur að andlegu og jafnvel líkamlegu heilbrigði einstaklingsins.

Þakkir til starfsfólks

Eins og fram hefur komið hefur velferðarsvið Kópavogsbæjar vaxið að umfangi á undanförunum árum og áratugum. Miðað við fjárhagslega umsýslu hefur umfangið tæplega fjórfaldast á sl. tuttugu árum. Kemur það til vegna m.a. fjölgunar bæjarbúa, fjölbreyttari þjónustu, nýrra verkefna, vegna lagabreytinga, auknum kröfum bæjarbúa, auknum kröfum um upplýsingagjöf, meiri samvinnu milli stofnana og vegna vandaðri vinnubragða. Til þess að slík þjónusta velferðarsviðs sé bæði rekin af fagmennsku og fjárhagslegri hagkvæmni þarf samhent gott starfsfólk. Velferðarsvið bæjarins hefur á slíkum hópi að skipa; vönduðu, ósérhlífnu og góðu fólki. Það er von mín að sviðinu auðnist að halda í þetta fólk og jafnframt að það finni mikilvægi sitt á vinnustaðnum.

Aðalsteinn Sigfússon

Skipting Fjármagns

Samanburður á útgjaldaliðum árin 2007 til 2012 (á verðlagi 2012)

	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Vísitala neysluverðs	1,43	1,24	1,13	1,10	1,04	1,00
Félagsmálaráð og barnaverndar-nefnd	4.752.883	4.530.731	3.226.247	9.209.861	4.509.920	5.552.234
Skrifstofuhald	113.722.816	98.114.819	99.897.215	95.561.240	103.381.821	101.944.610
Vensl/Dalshús	5.813.501	5.074.654	0	0	0	0
Tilsjón og liðveisla	16.701.641	17.536.263	18.580.306	22.929.852	26.697.124	27.689.954
Liðveisla	29.734.995	26.539.020	31.348.471	35.983.391	44.955.088	59.637.604
Fjölskyldudeild	87.817.717	84.131.574	99.795.757	83.747.977	78.793.825	80.480.834
Fjárhagsaðstoð	119.071.520	158.851.177	187.528.890	250.582.886	249.070.196	265.145.880
Ráðgjafa og íbúðadeild (2010)				9.901.429	32.229.951	55.585.450
Niðurgreidd leikskólagjöld	30.971.462	17.846.324	17.402.357	14.099.045	16.664.231	16.888.753
Fósturlaun og vistanir	63.069.175	51.175.968	40.450.466	38.225.117	39.091.639	45.297.617
Unglingasmiðja /Áttan	15.095.427	20.101.209	23.654.563	20.360.378	12.925.668	10.017.532
Unglingasambýli	6.403.943	6.711.858	4.734.563	863.138	0	10.305.395
Húsaleigubætur nettó	50.410.123	62.453.675	121.087.632	134.957.516	131.454.284	124.653.331
Öldrunarmál, skrifstofa	24.179.906	30.398.291	31.765.448	34.446.585	33.766.268	37.286.236
Félagsleg heimaþjónusta	141.253.458	148.093.973	145.522.772	171.727.911	154.532.627	152.558.542
Framlög til lífeyrisp., sund, Strætó	38.430.984	26.356.951	36.402.810	31.758.313	20.779.513	20.776.997
Boðáþing greiðslur til Hrafnistu				43.155.291	48.343.901	39.246.512
Afsláttur fasteignagjalda	68.713.004	60.197.374	44.355.187	43.959.227	57.823.931	54.464.416
Sambýli aldraðra	51.248.671	42.495.744	50.689.276	49.739.690	567.655	0
Roðasalir, sambýli og dagvist aldraðra	-2.023.747	30.051.464	1.161.715	16.262.048	29.128.347	20.675.154
Félagsstarf aldraðra	64.945.724	66.023.529	74.627.979	85.693.373	55.039.377	0
Boðáþing				0	108.820.307	0
Daggæsludeild/endurgr dagforeldrar	72.038.314	15.901.191	12.138.348	13.267.177	0	0
Heimgreiðslur	139.182.050	224.618.272	180.833.440	189.655.160	0	0
Gæsluleikvællir	26.701.841	23.221.867	24.021.953	24.019.437	0	0
Málafni fatlaðs fólks, skrifst. ferðapj.	59.473.101	62.706.485	64.996.668	63.636.210	59.017.902	64.843.415
Þjónustudeild fatlas fólks (yfírfærsla)					-2.399.266	-13.428.520
Dvöl, Blásalir og Hörðukór	19.789.721	23.882.930	25.694.525	30.246.407	19.814.285	20.513.861
Styrkir til líknarfélag. Jafnréttismál	10.763.128	7.321.509	4.987.406	7.071.180	6.356.325	5.277.679
Frístundaheimili fatlaðra nemenda					8.578.448	0
Alþjóðahús, Alþjóðavika	9.322.467	8.096.055	7.379.407	0	0	0
Húsnæðisdeild/laun og skrifstofa	27.267.956	25.330.220	23.807.144	21.277.468	0	0
Samtals félagsmál	1.294.851.780	1.347.763.125	1.376.090.543	1.542.337.306	1.339.943.368	1.205.413.486
Fjárhagsáætlun	1.329.001.248	1.359.613.765	1.416.235.468	1.508.076.676	1.277.344.177	1.197.078.735
Staða miðað við áætlun	97,43%	99,13%	97,17%	102,27%	104,90%	100,70%
Skatttekjur Kópavogs	11.219.234.000	12.953.029.000	13.220.533.000	13.582.084.798	14.813.090.000	15.734.869.937
Hlutfall útgjalda félagspjón/skatttekjur	8,06%	8,37%	9,19%	10,35%	8,68%	7,66%
Íbúafjöldi	28.561	29.957	30.314	30.779	31.205	31.726
Kostn félagsmála pr. Íbúa	45.336	44.990	45.395	50.110	42.940	37.994
Fjárhagsaðstoð	119.071.520	158.851.177	187.528.890	250.582.886	249.070.196	265.145.880
Fjárhagsaðstoð á hvern íbúa	4.169	5.303	6.186	8.141	7.982	8.357

Ráðgjafa og íbúðadeild

Ráðgjafa og íbúðadeild varð til þann 1. mars 2010 við sameiningu húsnæðisdeildar og þess hluta fjölskyldudeildar sem vinnur að félagslegri ráðgjöf og fjárhagsaðstoð.

Við deildina starfa 10 starfsmenn í 9,5 stöðugildum. Deildarstjóri er Ragnar Snorri Magnússon.

Deildin er til húsa að Fannborg 4.

Verksvið

Hlutverk deildarinnar er að veita þjónustu, aðstoð og ráðgjöf samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um félagslegt leiguhúsnæði og varða eftirtalið:

- Félagslega ráðgjöf.
- Fjárhagsaðstoð.
- Félagslegt leiguhúsnæði.

FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF OG FJÁRHAGSAÐSTOÐ

Deildin veitir einstaklingum og fjölskyldum ráðgjöf varðandi hin ýmsu málefni samkvæmt lögum um félagslega þjónustu. Um er að ræða þætti eins húsnæðisúrræði, veikindi í fjölskyldum, áfengis- eða fíkniefnavanda, atvinnumissi ofl.

Fjárhagsaðstoð sem veitt er af velferðarsviði Kópavogs fer eftir reglum sem samþykktar hafa verið af bæjarstjórn Kópavogs. Samkvæmt reglunum eiga þeir rétt á fjárhagsaðstoð sem eru undir ákveðnum tekjumörkum og geta ekki séð sér og sínum farborða. Einnig er fjárhagsaðstoð veitt til að koma í veg fyrir að fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki framfleytt sér eða í ákveðnum endurhæfingartilvikum.

Árið 2003 hóf velferðarsvið formlegt samstarf við Tryggingastofnun ríkisins um endurhæfingu einstaklinga sem eiga við áfengis- og vímuefnavanda að stríða og hafa notið fjárhagsaðstoðar til lengri tíma vegna félagslegra aðstæðna sinna.

Árið 2004 var gerður þjónustusamningur við Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna.

Velferðarsviðið hefur stutt einstaklinga 16 ára og eldri til að nýta sér verkþjálfun og fræðslustarfsemi Fjölsmiðjunnar og voru 25 einstaklingar í þjálfun hjá Fjölsmiðjunni á árinu.

Á árinu 2010 var tekin ákvörðun um að gera tilraun sem fólst í því að bjóða fólki sem nýtur fjárhagsaðstoðar, vinnu við sitt hæfi undir handleiðslu hópstjóra á vegum deildarinnar. Þar sem árangur af þessu starfi skilaði ágætum árangri var verkefninu fram haldið á s.l. sumri og var almenn ánægja þátttakenda með starfið, en hluti þátttakenda fór í áframhaldandi vinnu eða nám að verkefninu loknu.

Í kjölfar efnahagshrunsins í landinu í október 2008 jókst eftirspurn eftir félagslegri ráðgjöf og fjárhagsaðstoð. Það ár var fóstum stöðugildum fjölgað úr 3,0 í 4,0. Ári síðar var fóstum stöðugildum fjölgað um 0,5 og í ár aftur um 0,5. 5,0 stöðugildi ráðgjafa eru

Því í deildinni. Á þessum árum hafa ráðgjafar fundið mjög til þess að mál sem til meðferðar eru, verða sífellt flóknari og þyngri og taka því lengri tíma í vinnslu. Því var á árinu 2010 ráðinn þjónustufulltrúi í 50% stöðu sem nýtist ráðgjöfum afar vel í störfum þeirra.

Alls fengu 647 fjölskyldur fjárhagsaðstoð á árinu samanborið við 658 fjölskyldur á síðasta ári. Af þessum 647 fjölskyldum voru 445 fjölskyldur með grunnaðstoð til framfærslu en árið á undan voru þær 485. Því virðist sem hámark hafi náðst 2011. Vænta má aukningar árið 2013 vegna fullnýtingar á rétti til atvinnuleysisbóta.



Fjárhagsaðstoðin 2012 skiptist með eftirfarandi hætti, sjá töflu 1.

Tafla 1. Fjárhagsaðstoð		
	Upphæð	Hlutfall
Grunnaðstoð til framfærslu	190.941.504	72,01%
Veitt lán	29.808.936	11,24%
Endurgreidd lán og niðurfelld	-27.935.159	-10,54%
Nám og endurhæfing	20.210.996	7,62%
Fjölsmiðjan	12.361.758	4,66%
Sérstök aðstoð v. barna	11.859.453	4,47%
Styrkur vegna sérstakra erfiðleika	10.457.372	3,94%
Sérúrræði í barnaverndarmálum	7.724.814	2,91%
Jólastyrkir	4.082.918	1,54%
Aðrir styrkir	2.799.165	1,06%
Útfararstyrkir	1.470.000	0,55%
Styrkir vegna sérfræðiaðstoðar	576.709	0,22%
Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	392.000	0,15%
Kostnaður vegna leiguíbúða	327.789	0,12%
Líkamsrækt fyrir atvinnulausa	59.625	0,02%
Húsbúnaðarstyrkir	8.000	0,00%
Samtals	265.145.880	100,00%

FÉLAGSLEGT LEIGUHÚSNÆÐI

Velferðarsvið annast um móttöku og úrvinnslu umsókna um félagslegt leiguhúsnæði en umhverfissvið annast um eignaumsjón félagslegra íbúða. Kaup á íbúðum eru á hendi framkvæmdaráðs.

Í árslok 2012 voru 393 íbúðir í útleigu hjá nefndinni.

Í árslok voru 235 umsóknir fyrirleggjandi, auk 41 umsóknar frá leigjendum sem óskuðu eftir flutningi ýmist í minni íbúðir eða stærri eftir aðstæðum. Umhverfissvið bæjarins sér nú um að sækja um lán frá Íbúðalánasjóði til kaupa eða byggingar á félagslegum leiguíbúðum. Lán hafa verið verðtryggð og borið breytilega vexti, nú 3,5%.

Á árinu 2012 voru keyptar 4 nýjar íbúðir í eignasafnið

Útreikningar á húsaleigu félagslegra leiguíbúða voru framkvæmdir þannig, að reiknað var út hver heildarleigan samkvæmt viðmiði Íbúðalánasjóðs skyldi vera og sú fjárhæð umreiknuð yfir á þágildandi fasteignamat. Upphaflega var reiknistuðullinn 5,7% af matinu, en honum hefur verið breytt árlega þannig að leigan hækkar ekki meira en sem nemur almennum verðlagsbreytingum á milli ára. Á árinu 2011 var ákveðin lágmarks- og hámarksleiga eftir herbergjafjölda í íbúðunum. Í töflu 2 eru viðmiðin fyrir árið 2012.

Tafla 2. Húsaleiga

Stærð íbúða	Lámark	Hámark
2ja herbergja	55.000	75.000
3ja herbergja	75.000	95.000
4ra herbergja	85.000	110.000
5 herbergja	95.000	120.000

Leiga

Félagslegar leiguíbúðir Kópavogsbæjar eru í eigu bæjarsjóðs en þær eru leigðar til tekju- og efnalífilla fjölskyldna. Velferðarsviðið fer með umsýslu þeirra en það er útlutunarhópur sem velur umsækjendur af biðlista í umboði félagsmálaráðs. Um útleigu íbúðanna gilda reglur sem félagsmálaráð setti 11. desember 2003 með síðari breytingum. Við úthlutun íbúðanna er farið eftir stigakerfi sem í gildi er, en hverri umsókn sem berst er gefin stig sem tekur mið af fjárhags- og félagslegum aðstæðum umsækjenda.

Umsóknarréttur um félagslega leiguíbúð er bundinn eftirfarandi skilyrðum, en endurnýja þarf umsókn á hverju ári:

- Umsækjandi þarf að hafa átt lögheimili og aðsetur í Kópavogi a.m.k. í 6 mánuði áður en umsókn berst velferðarsviði.
- Umsækjandi má ekki eiga fasteign í neinu því formi sem jafna má til íbúðarhúsnæðis.
- Umsækjandi þarf að færa sönnur á því að hann standist ekki greiðslumat til að kaupa á íbúð.
- Umsækjandi þarf að vera innan tekju- og eignamarka sem eru frá 1. janúar 2012 samkvæmt reglugerð:
 - Tekjumörk einstaklings.....kr. 3.894.000,-
 - Tekjumörk hjóna og sambúðarfólks...kr. 5.452.000,-
 - Fyrir hvert barn að 20 ára aldri sem býr á heimilinu bætast síðan við.....kr. 652.000,-
 - Eignamörkin eru.....kr. 4.203.000,-

Umsækjendur eru langflestir án maka, annars vegar barnlausir einstaklingar og hins vegar einstæðir foreldrar. Við úthlutun íbúða er tekið mið af ýmsum þáttum sem varða til að mynda félagslega- og fjárhagslega stöðu og framtíðarhorfur í þeim efnum, hvort viðkomandi hafi barn/börn á framfæri, aldur, fötlun, núverandi búsetu og biðtíma á biðlista.

Samtals voru útbúnir 70 húsaleigusamningar á árinu og var ýmist um nýja samninga að ræða eða endurnýjun á eldri samningum. Mjög mismunandi er hversu margir samningar eru gerðir hvert ár sem stafar af því að fyrir sjö árum var tekin upp sú nýbreytni að við upphaf leigu er gerður leigusamningur til sex mánaða en við lok þess tímabils er kannað hvort viðkomandi hafi staðið skil á leigugreiðslum, hvort umgengni um íbúð og sameign hafi verið með viðunandi hætti og hvort kvörtun hafi borist vegna

leigutaka. Ef allir þessir þrír þættir eru í lagi er gerður ótímabundinn samningur en jafnframt óskað eftir upplýsingum um tekjur og eignir á 12 mánaða fresti.

Húsaleigubætur

Almenn skrifstofa velferðarsviðs sér um útreikning og greiðslu húsaleigubóta en í þeim felst verulegur stuðningur við íbúðarleigjendur hvort sem er þeirra sem leigja á almenna leigumarkaðnum eða hinna sem leigja félagslega leiguíbúð. Sjá nánari umfjöllum um húsaleigubætur í kafla almennrar skrifstofu.


Innlausnir

Samkvæmt lögum um nr. 44/1998 um húsnæðismál hvílir innlausnarskylda á húsnæðisnefndum vegna félagslegra eignaríbúða. Markaðsaðstæður hafa hinsvegar verið þannig, að mjög óhagkvæmt hefur verið fyrir fólk að skila slíkum íbúðum inn þar sem markaðsverðið er mun hærra en innlausnarverðið. Frá árinu 2004 hefur engin félagsleg eignaríbúð verið innleyst. Á árinu 2002 óskaði bæjarstjórn Kópavogs eftir því við félagsmálaráðuneytið að innlausnarskylda sveitarfélagsins á félagslegum eignaríbúðum yrði aflétt og féllst ráðherra á það í maí sama ár. Skilyrði fyrir því að aflétt sé kvöðinni að viðkomandi íbúð sé félagsleg eignaríbúð er að skuld við framkvæmdaaðila sé að fullu greidd svo og þau lán sem veitt hafa verið af Byggingasjóði verkamanna.

Framangreind þróun hefur valdið þeim einstaklingum sem eru á biðlistum eftir leigu-húsnæði hjá Kópavogsbæ erfiðleikum en hér áður fyrr varð fjölgun á leiguíbúðum fyrst og fremst við innlausnir á félagslegum eignaríbúðum. Gríðarleg hækkun á kaupverði íbúða leiddi til þess, að húsaleigan varð í einhverjum tilfellum mjög há, en með jöfnun leigunnar og nýju viðmiði við fasteignamat er leigan almennt viðráðanlegri.


Umsóknir og úthlutanir

Á árinu bárust 141 gild umsókn um leiguíbúðir og fengu alls 28 aðilar úthlutaða íbúð til leigu á árinu.



Eins og sjá má á mynd hér fyrir ofan fækkaði umsóknum nokkuð frá árinu 2003 til 2007. Ástæður þessa má eflaust rekja til þess að á árinu 2004 voru viðbótarlánin tekin upp sem gerði fólk auðveldara um vik með að kaupa sínar eigin íbúðir á frjálsum markaði.

Á næstu mynd má sjá hversu mismunandi fjöldi íbúða er úthlutað á hverju ári. Að



meðaltali er úthlutað 50 íbúðum ár hvert. Fjöldinn helgast fyrst og fremst af því hversu margar íbúðir eru keyptar inn í kerfið ár hvert og síðan hversu mikil hreyfing er á leigjendum. Fæstar úthlutanir áttu sér stað á árinu 2005, en það ár var óvenjumikil spenna á íbúðamarkaðinum og var því minna um kaup en ella.


Viðhald íbúða

Fyrir nokkrum árum var tekinn upp sá háttur í sambandi við viðhald íbúðanna að umsjónarmanni fasteigna bæjarins var falið að sjá um það. Ef leigjandi telur að eitthvað þurfi að lagfæra sem nefndinni ber skylda til að sjá um hefur viðkomandi samband við umhverfissvið og frá þeim er sendur starfsmaður til að meta viðgerðarþörfina. Sama á við um þegar íbúðir eru keyptar inni kerfið, þá metur starfsmaður umhverfissviðs þörfina til endurbóta, sér um að ráða verktaka til verksins og heldur utan um heildarkostnaðinn við framkvæmdina.

Á árinu fluttist síðan öllu umsýsla þar með talið innkaup á íbúðum, innheimta leigu og bókhald ýmist yfir til umhverfissviðs eða stjórnsýslusviðs, að undanskildu utanumhaldi um umsóknir og úthlutun þeirra svo og kvartanir.

Þjónustudeild fatlaðs fólks

Deildarstjóri er Guðlaug Ósk Gísladóttir félagsráðgjafi. Í árslok var heildarfjöldi fastra stöðugilda við deildina 88,5 sem skiptast þannig: 5 stöðugildi á skrifstofu deildarinnar, 51,6 stöðugildi á fimm heimilum og einu áfangahemili, 23,9 á tveimur hæfingarstöðvum, 6,5 á starfsþjálfunarstaðnum Örva og 1,5 í athvarfinu Dvöl.



Verksvið


Hlutverk deildarinnar er að veita fötluðu fólki þjónustu í samræmi við lög og reglugerðir. Samstarf er milli deildarinnar við aðrar stofnir, ráðuneyti, hagsmunasamtök og önnur sveitarfélög varðandi einstök verkefni og mótun málaflokksins til næstu ára.

Helstu verkefni deildarinnar eru:

- Ferðaþjónusta.
- Félagsleg liðveisla.
- Frekari liðveisla.
- Stuðningsfjölskyldur.
- Skammtíamavistun.
- Atvinnumál.
- Búsetumál.
- Búseta.
- Gera tillögur að umönnunarmati.
- Ráðgjöf og ýmis verkefni sem tengjast málaflokknum.

Á árinu nýttu 234 einstaklingar þjónustu á grundvelli laga um málefni fatlaðra. Á eftirfarandi mynd er sýnt hvernig þjónustan dreifðist, þ.e. hlutfall notenda með mismunandi þjónustu á vegum deildarinnar. Tæp 60% notenda á skrá voru með liðveislunni, tæp 45% með ferðaþjónustu og tæpur fjórðungur með stuðningsfjölskyldu.

Hlutfall af öllum notendum á skrá með tiltekna þjónustu



Aukin þjónusta

Bæjarráð Kópavogs samþykki formlega þátttöku í tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Um er að ræða tilraunaverkefni í þjónustu við fatlað fólk og er samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga og samtaka fatlaðs fólks. Þetta form þjónustu gerir notanda kleift að ráða sjálfur til sín aðstoðarfólk á grundvelli samnings við sveitarfélagið sem greiðir fjármagn í samræmi við samþykktan tímafjölda í þjónustu. Innleiðing verkefnisins hefur kallað á umfangsmikið samstarf milli aðila en fjarhagslegt og faglegt mat á verkefninu fer fram fyrir árslok 2014. Alls bárust sveitarfélaginu tvær umsóknir um NPA á árinu.

Bæjarráð samþykkti frekari uppbyggingu í búsetu fyrir fatlað fólk en margt fatlað fólk bíður eftir búsetuúrræði. Annarsvegar að breyta eldra húsnæði í vesturbæ Kópavogs þar sem innréttaðar verða fjórar íbúðir og hinsvegar að byggja sex íbúða þjónustukjarna í austurhluta Kópavogs. Samstarf hefur verið við umhverfissvið bæjarins, hagsmunafélög og aðstandendur um hönnun og fyrirkomulag húsnæðisins. Gert er ráð fyrir að annar kjarninn verði tekin í notkun um mitt ár 2013 og hinn í byrjun árs 2015.

Samstarf innan SSH

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu (SSH) hafa náið samstarf um ákveðna þætti í þjónustu við fatlað fólk meðal annars á grundvelli samnings um samstarf sveitarfélagana á höfuðborgarsvæðinu sem undirritaður var haustið 2010. Teymi var myndað á grundvelli samningsins um mat umsókna og inntöku á þær þjónustueiningar sem falla undir ákvæði samningsins. Í þessu samstarfi eru Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Mosfellsbær og Álftanes.

Samstarf var um framkvæmd fræðslu fyrir starfsmenn sem starfa á starfsstöðvum í málefnum fatlaðs fólks. Á árinu voru haldin 13 námskeið sem voru vel sótt en efni þeirra var meðal annars; skyndihjálp, varnarviðbrögð, krefjandi samskipti, sáttmáli sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og einelti á vinnustöðum. Þá voru einnig haldnir starfsdagar og fundir innan hversrar starfsstöðvar þar sem sértækari fræðsla átti sér stað.

Eftirlit með þjónustu

Skipulagt gæðaeftirlit er mikilvægur þáttur í þjónustu við fatlað fólk. Farið var í heimsókn á allar starfsstöðar og yfirfarinn gátlisti varðandi hagnýta þætti starfseminnar. Haldnir voru reglulegir fundir forstöðumanna með fulltrúum þjónustudeildar þar sem meðal annars var farið í mikilvæg mál er varða þjónustuna og línur lagðar um skipulag, áætlanagerðir og skil á gögnum. Verkefnastjóri deildarinnar hefur umsjón með innleiðingu verkferla yfir alla þætti þjónustu við fatlað fólk hjá deildinni.

Stefnumótun


Kópavogsbær hefur mótað sér stefnu til 2014 vegna yfirfærslu sértækrar félagsþjónustu við fatlað fólk en miklar væntingar eru bundnar við þessar veigamiklu breytingar. Framtíðaruppbyggingin mun taka mið af hvernig til tekst við yfirfærslu málaflokksins, samstarfi sveitarfélaga og því fjármagni sem sveitarfélagið hefur til ráðstöfunar.

STUÐNINGSPJÓNUSTA

Félagsleg liðveisla

Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun og auka félagslega færni. Um er að ræða almenna þjónustu við fatlað fólk sem var hjá sveitarfélaginu fyrir yfirfærslu. Hámarkstímafjöldi liðveislu á einstakling er 36 tímar á mánuði samkvæmt reglum velferðarsviðs.

Á árinu fengu 139 einstaklingar liðveislu, þar af 12 á grundvelli þjónustusamnings. Heildarfjöldi liðveislutíma voru 18.278, þar af 4.416 veittir á grundvelli samnings. Meðaltalsfjöldi liðveislutíma á mánuði voru um 11 tímar á hvern einstakling á mánuði. Flestir þjónustuþegar voru yngri en 18 ára og var tímafjöldi á hvern einstakling í þeim aldursflokki 10 tímar að meðaltali á mánuði. Í aldursþópnum 18-30 ára var meðaltímafjöldi 11 tímar á mánuði og 14 tímar hjá einstaklingum 30 til 67 ára. Á síðasta ári fengu 105 einstaklingar liðveislu og var heildarfjöldi liðveislutíma 14.265 þá. Fjölgun þjónustuþega var mest hjá börnum yngri en 18 ára. Margar ástæður geta legið að baki en ein skýringin er nærþjónusta, þ.e. betra aðgengi að þjónustu eftir yfirfærslu málaflokksins þar sem öll þjónustan er á einum stað. Í desember voru 8 á biðlista eftir liðveislu.



Heildarkostnaður vegna liðveislu á árinu var 59.637.604 kr. en var kr. 44.955.088 á árinu 2011 á uppreiknuðu verðlagi.

Frekari liðveisla

Með frekari liðveislu er átt við margháttða aðstoð við fatlað fólk við ýmsar athafnir daglegs lífs og kemur til álíta þegar almenn þjónusta dugar ekki til. Um er að ræða stuðning við fatlað fólk sem hefur náð 18 ára aldri. Á árinu fengu 22 einstaklingar frekari liðveislu, þar af 4 á grundvelli þjónustusamnings. Heildarfjöldi tíma á árinu voru 19.343 þar af 11.667 tímar á grundvelli samnings. Að meðaltali voru veittir 73 tímar á mánuði á einstakling. Á síðasta ári var fjöldi þeirra sem fengu frekari liðveislu 18 og tímafjöldi 14.184 tímar eða 66 tímar að meðaltali á einstakling. Þessi hækkun stafar af aukinni þjónustuþörf notenda svo og bætast við nýir sem þurfa umfangsmikla þjónustu. Jafnframt má ætla að bætt aðgengi og upplýsingar um þjónustu svo og skýrari ákvæði í reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili hafi jafnframt haft einhver áhrif á eftirspurn.

Heildarkostnaður vegna frekari liðveislu var 51.242.939, en á síðasta ári 42.089.294 kr. á uppreiknuðu verðlagi.

Tafla 1. Frekari liðveisla

	Notendur	Fjöldi tíma	Notendur með samning	Fjöldi tíma í samningum
2011	18	14.184	4	9.636
2012	22	19.343	4	11.667
Hlutfallsleg auking milli ára	22,2%	36,4%	0%	21,1%

Tafla 2. Samantekt: Félagsleg og frekari liðveisla

	Fjöldi notenda			Kostnaður		
	2011	2012	Breyting	2011	2012	Breyting
Félagsleg liðveisla	105	139	32,4%	45.000.000	60.000.000	33,3%
Frekari liðveisla	18	22	22,2%	42.000.000	51.000.000	22,0%
Samtals	123	161	30,9%	86.000.000	111.000.000	29,1%

Stuðningsfjölskyldur

Sveitarfélagið veitir stuðningsfjölskylduúrræði til fatlaðra barna og í sérstökum tilvikum fjölskyldum barna í fjórða og fimmta umönnunarflokki. Á árinu nýttu 47 fjölskyldur barna í 1-3 umönnunarflokki stuðningsfjölskylduúrræði, þar af fjórar fjölskyldur á grundvelli þjónustusamnings. Að meðaltali voru nýttir 2,6 sólarhringar á mánuði hjá stuðningsfjölskyldu. Alls nýttu 10 börn í 4. og 5. fl. stuðningsfjölskylduúrræði, að meðaltali 2,3 sólarhringa á mánuði. Á síðasta ári nýttu 51 fjölskyldur barna í 1-3 fl. stuðningsfjölskyldur og 7 fjölskyldur barna í 4. og 5. fl. Í lok árs voru þrettán fjölskyldur á biðlista eftir stuðningsfjölskyldu en voru fimm árinu á undan. Erfitt hefur verið að fá stuðningsfjölskyldur til starfa og hafa ættingjar oft á tíðum tekið þetta verkefni að sér að uppfylltum skilyrðum velferarsviðs. Heildarkostnaður vegna stuðningsfjölskylduúrræðis fatlaðra barna var 15.798.300 en var 15.800.353 kr. á árinu 2011 á uppreiknuðu verðlagi.


Þjónustusamningar

Í einstaka tilvikum hafa notendur þjónustu gert þjónustusamning ef sýnt þykir að slíkt fyrirkomulag henti betur. Samningurinn felur í sér greiðslur til notanda á grundvelli samþykkrar þjónustu, í formi liðveislu, frekari liðveislu eða stuðningsfjölskyldu. Greiðslurnar eru til að standa undir launakostnaði aðkeyptrar þjónustu þar sem notandi ræður sjálfur til sín starfsfólk.

Á árinu voru gerðir 12 þjónustusamningar, sjö vegna þjónustu við börn og fimm vegna þjónustu við einstaklinga 18 ára og eldri. Á síðasta ári voru 11 samningar gerðir. Heildarkostnaður vegna samninga á árinu var 43.103.722 kr. en var 34.784.311 kr. árinu 2011 á uppreiknuðu verðlagi

Skammtíamavistun

Skammtíamavistun er til þess ætluð að létta álagi af fjölskyldum fatlaðra barna og ungmenna með tímabundinni vistun. Þjónustan getur stuðlað að því að ungmenni búi lengur í heimahúsum, hún veitir tilbreytingu og getur verið undirbúningur flutnings að heiman. Kópavogur hefur aðgang að tveimur skammtíamavistunum og nýtir þær á grundvelli samstarfssamnings. Í Garðabæ er rekin skammtíamavistun fyrir börn og í Hafnarfirði er rekin skammtíamavistun fyrir 18 ára og eldri. Á árinu nýttu samtals 21 barn og ungmenni skammtíamavistun, 7 börn undir 18 ára aldri, að meðaltali 3,8 sólarhringa á mánuði. Ungmenni 18 ára og eldri voru 14 og nýttu þau að meðaltali 5,5 sólarhringa á fimm vikna fresti. Á síðasta ári nýttu 24 skammtíamavistun, 11 börn undir 18 ára og 13 ungmenni. Í lok árs voru ellefu einstaklingar á biðlista og fimm að bíða eftir



aukningu á vistun.


Kostnaður vegna skammtímvistunar var 50.055.881 kr. á árinu en 39.274.018 kr. 2011 á uppreiknuðu verðlagi en útreiknaður kostnaður tók mið af rauntölum 2010.

FERÐAÞJÓNUSTA FATLAÐRA

Úthlutað er í ferðaþjónustu á ársgrundvelli og meta starfsmenn deildarinnar umsóknir.

Á árinu fengu 105 einstaklingur ferðaþjónustu. Heildarfjöldi ferða var 26.976 eða að meðaltali 21 ferð á einstakling á mánuði. Flestir notendur voru á aldrinum 30 til 66 ára. Á síðasta ári nýttu 110 einstaklingur sér ferðaþjónustu og heildarfjöldi ferða var 23.852 eða að meðaltali 18 ferðir á einstakling á mánuði. Farþegafjöldi helst svipaður milli ára en ferðum fjölga að meðaltali.

Í reglum um ferðaþjónustu er kveðið á um að heimilt sé að veita ferðaþjónustu til þeirra sem ekki eiga lögboðinn rétt til slíkrar þjónustu. Um er að ræða ferðir til einkaerinda,




vegna tímabundinna lækni meðferðar eða endurhæfingar, í dagvist utan Kópavogs svo og ferðir í skipulagt félagsstarf á vegum bæjarfélagsins.

Á árinu fengu 91 einstaklingar 67 ára og eldri ferðaþjónustu og var heildarfjöldi ferða 4.013. Á síðasta ári fengu 87 einstaklingur ferðaþjónustu, samtals 4.393 ferðir og hélt farþegafjöldi því nær óbreyttur milli ára.

Samanlagður heildarfjöldi ferða á árinu var 30.989 en var 28.245 á árinu 2011.

Kostnaður sveitarfélagsins vegna ferðaþjónustu á árinu var kr. 43.633.129 en var kr.



42.497.153 árið á undan á uppreiknuðu verðlagi.

Hlutur velferðarsviðs í hverri ferð á árinu var að meðaltali kr. 1.615. Hlutur farþega yngri en 67 ára nam helmingi af fargjaldi Strætó en hlutur farþega eldri en 67 ára nam 500 kr. fyrir ferð, að 16 ferðum í mánuði en 1000 kr. eftir það. Nemendur framhaldsskóla gátu keypt nemakort fyrir skólaárið á gjaldi Strætó. Heildargreiðslur farþega voru 6.743.025 kr.

VINNUSTAÐIR

Markmið þjónustu er að veita einstaklingum með fötlun stuðning sem miðar að því að auka hæfni til starfa og þátttöku í daglegu lífi eða á almennum vinnumarkaði. Vinnu er hægt að sækja á öllu höfuðborgarsvæðin óháð lögheimili samkvæmt samstarfssamningi en umsóknum er skilað til lögheimilissveitarfélagsins. Flestir sem sækja vinnu eru hálfan daginn.

Kópavogsbær rekur tvær hæfingarstöðvar fyrir fatlað fólk, í Fannborg og við Dalveg. Einnig rekur bærinn starfsþjálfunarstaðinn Örva. Á árinu sóttu 23 einstaklingar vinnu í Fannborg, þar af 9 Kópavogsbúar og 31 einstaklingur voru á Dalvegi, þar af 3 Kópavogsbúar. Í Örva voru 37 einstaklingar, þar af 7 Kópavogsbúar. Samtals sóttu því 91 einstaklingur dagþjónustu í Kópavogi og af þeim voru 19 kópavogsbúar. Þá sóttu 18 Kópavogsbúar dagþjónustu til nágrannasveitarfélaga.

Samkomulag er á milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Vinnumálstofnunar um atvinnu með stuðningi sem felur í sér að fatlað fólk sækir um vinnu til vinnumálastofnunar líkt og aðrir sem eru í atvinnuleit. Markmiðið er að aðstoða fólk með fötlun við að fá vinnu á almennum vinnumarkaði með einstaklingsmiðaðri þjónustu. Á árinu voru 28 Kópavogsbúar í atvinnu með stuðningi.

HEIMILI FYRIR FATLAÐ FÓLK

Í Kópavogi eru fimm sérhæfð heimili fyrir fatlað fólk, fjögur sem tilheyra rekstri velferðarsviðs og eitt sem rekið er af Styrktarfélaginu Ás með þjónustusamningi. Þá rekur Kópavogsbær einn þjónustukjarna fyrir fólk með geðfötlun og eitt áfangheimili fyrir ungt fatlað fólk sem þar dvelur tvær vikur í senn á tveggja vikna fresti. Þjónusta áfangheimilisins er veitt á grundvelli samstarfssamnings milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Samtals búa 33 íbúar á sérhæfðum heimilum í Kópavogi. Á áfangheimilinu eru 10 ungmenni, þar af fjórir Kópavogsbúar. Á seinni hluta ársins var gerður bráðabrigðasamningur um búsetu þar sem veitt var sólarhringsþjónusta.

Auk reksturs sérhæfðra heimila er veitt þjónusta heim til fatlaðs fólks í formi liðveislu, frekari liðveislu og félagslegrar heimaþjónustu hvort sem viðkomandi býr í sínu eigin húsnæði, leiguíbúð á almennum markaði eða í félagslegri leiguíbúð.

Í stefnumótun velferðarsviðs vegna málefna fatlaðs fólks til ársins 2014 er gert ráð fyrir að unnin verði áætlun um uppbyggingu á húsnæði fyrir fatlað fólk og skoðaðar verði nýjar leiðir í samráði við notendur. Markmið þjónustu er að gera fötluðu fólki kleift að búa á eigin heimili í samræmi við þarfir og óskir eftir því sem kostur er og efla þar með vald fólks yfir aðstæðum sínum og lífi, styrkja félagslega stöðu þess, sjálfsvirðingu og lífsgæði.


DVÖL

Dvöl er samvinnuverkefni velferðarsviðs og Kópavogsdeildar Rauða kross Íslands. Dvöl er athvarf fyrir fólk með geðraskanir og er til húsa í Reynihvammi 43. Kópavogsbær er eigandi húsnæðisins og greiðir viðhald og rekstur þess og leggur jafnframt 1.5 stöðugildi til starfseminnar auk rekstrarframlags. Kópavogsdeild RKÍ leggur til laun forstöðumanns og annast annan daglegan rekstur hússins. Í verkefnastjórn Dvalar sitja fulltrúar rekstraraðila auk þess sem forstöðumaður Dvalar situr fundi stjórnarinnar. Í lok árs undirrituðu rekstraraðilar samning um að velferðarsvið Kópavogs taki yfir rekstur athvarfsins frá og með 1. janúar 2013. Rauði krossinn mun áfram hafa aðkomu að starfi sjálfboðaliða í athvarfinu.

Í Dvöl koma gestir á eigin forsendum til að njóta samveru við starfsfólk og aðra gesti. Fjöldi gesta var að meðaltali 12 á dag, 8 konur og 4 karlar. Matargestir voru að meðaltali 8 en gestir geta fengið heitan mat í hádeginu. Í júní var farin dagsferð í Hvalfjörð og á Akranes þar sem hernámssafnið, ípróttasafnið og steinasafnið var heimsótt. Um miðjan október var landsmót athvarfa Rauða krossins haldið í Hveragerði og var það vel sótt. Á árinu var farið í bíó, á tónleika, út að borða og á kaffihús. Í Dvöl er ýmislegt gert til viðbótar hefðbundinni dagskrá, svo sem farið í göngutúra, horft á myndbönd, og fönndrað en í húsinu er m.a. aðstoða til tólmstundaiðkunar.

Þjónustudeild aldraðs fólks

Deildarstjóri er Svanhildur Þengilsdóttir hjúkrunarfræðingur og viðskiptafræðingur. Í árslok var heildarfjöldi stöðugilda þjónustudeildarinnar 54,82 sem skiptist þannig: 4,0 á skrifstofu í Fannborg 6; 7,5 í dagþjálfun Roðasölum; 12,1 á hjúkrunarheimilinu Roðasölum og 33,42 í félagslegri heimaþjónustu.




Verksvið

Þjónustudeild aldraðra vinnur samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1991. Á árinu var unnið áfram að þeim fjölbreyttu verkefnum sem liggja fyrir innan deildarinnar með það að markmiði að efla þjónustu til aldraðra og stuðla að því að þeir geti búið heima svo lengi sem unnt er. Auknar kröfur samfélagsins og sístækkandi hópur aldraðra gerir það að verkum að við þurfum fleiri og betri úrræði til handa þessum hópi ásamt því að styrkja þau úrræði sem við þegar höfum. Aldraðir einstaklingar hafa mismunandi þarfir og verður þjónustan ætíð að taka mið af því.

Helstu verkefni þjónustudeildarinnar eru:

- Félagsleg heimaþjónusta.
- Heimsendur matur.
- Vistunarmál.
- Búsetumál.
- Rekstur hjúkrunarheimilis og dagþjálfunar fyrir minnissjúka aldraða í Roðasölum.
- Þátttaka í úthlutun leiguíbúða bæjarins.
- Upplýsingar og ráðgjöf til aldraðra.
- Samstarf við félagasamtök og aðila í heilbrigðis- og öldrunarþjónustu.
- Stefnumótun og áætlanagerð.

Kópavogsbúar 67 ára og eldri voru í árslok 2012 alls 3359, en í árslok 2011 voru þeir 3234 (Hagstofa Íslands). Fjölgunin er um 3,9%. Eins og sjá má á myndinni hefur einstaklingum eldri en 67 ára fjölgað verulega frá árinu 2003 eða um tæp 30% á meðan öðrum íbúum 66 ára og yngri hefur fjölgað um rúm 24%. Svo virðist vera að Kópavogur hafi upp á að bjóða það umhverfi og þá þjónustu sem einstaklingarnir sækjast eftir.



Óskir um ráðgjöf og leiðbeiningar voru töluverðar á árinu og tók þjónustudeildin á móti fjölmörgum aðilum í viðtöl og svaraði einnig fyrirspurnum í síma og í tölvupósti. Flest erindi varða upplýsingagjöf vegna aksturs, afþreyingar, vistunarmála og heimaþjónustu. Í öldrunarþjónustu velferðarsviðs er lögð áhersla á að bjóða upp á fjölbreytta þjónustu, bæði inni á heimilum aldraða og á öðrum þeim stöðum sem rekin eru fyrir aldraða einstaklinga, þ.m.t. hjúkrunarheimili, dagþjálfun og félagsheimilin.

Ný dægurvöl í Kópavogi, sem Sjómannaþingráð, eigandi Hrafnistuheimilanna, og Kópavogsbær sömdu um í janúar síðastliðnum, var formlega tekin í notkun í febrúar. Starfsemi er til húsa í þjónustumiðstöð Kópavogsbæjar við hlið Hrafnistu í Boðáþingi og er gert ráð fyrir dvöl þrjátíu einstaklinga á hverjum tíma. Alls er gert ráð fyrir að um níutíu manns geti nýtt sér þjónustuna í heild í viku hverri, þar sem hver og einn getur sótt hana tvisvar til þrisvar í viku. Dægurvölin í Boðáþingi léttir verulega á brýnni þörf fyrir dægurvöl, en fyrir hafa íbúar haft dagvistarúrræði í Sunnuhlíð. Þetta er eitt af þeim úrræðum sem boðið er upp á til að fólk geti búið sem lengst heima. Kópavogsbær og Hrafnista hafa gert með sér samkomulag um rekstur á úrræðinu. Í dag rekur Hrafnista 44 hjúkrunarrými í Boðáþingi og Kópavogsbær rekur þar félagsheimili sem m.a. hýsir félagsstarf eldri borgara og aðra fjölbreytta þjónustu. Almenn ánægja er með þessa fjölbreyttu þjónustu.

SAMSTARFSVERKEFNI

Eins og undanfarin ár er lögð áhersla á góða samvinnu við þá aðila sem koma að þjónustu við aldraða, bæði innan Kópavogs og utan. Má þar nefna heimahjúkrunarsvið Heilsugæslunnar í Hamraborg, Sunnuhlíð, færni- og heilsumatsnefnd höfuðborgarsvæðisins, heilsugæslustöðvarnar í Kópavogi, Kópavogsdeild Rauða kross Íslands, félagsstarf aldraðra í Kópavogi, öldrunarsvið Landsspítala háskólasjúkrahúss, öldrunarteymi Landspítalans í Fossvogi, Hrafnistu DAS og Félag eldri borgara í Kópavogi (FEBK).

Framhald varð á samstarfi Kópavogsbæjar og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um störf félagsliða við heimahjúkrun í Kópavogi. Verkefnið hefur skilað sér afar vel til íbúa Kópavogs og tengt þessa tvo þjónustuaðila vel saman. Velferðarsvið mætti aukinn þjónustupörf til aldraðra með því að bæta við einu stöðugildi félagsliða í sameiginleg verkefni heimahjúkrunar og félagslegar heimaþjónustu og leggur nú til fjögur stöðugildi félagsliða á móti einu og hálfu stöðugildi félagsliða frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Mikið álag vegna aukinnar hjúkrunarþyngdar hefur átt sér stað að undanförunu og biðlistar hafa myndast eftir dagþjónustu og kvöld- og helgarþjónustu. Margir þurfa lengri viðveru og félagslegan stuðning sem hefur lengt meðaltíma hvernar vitjunar. Þjónustupegur heimahjúkrunar hefur fjölgað en frá febrúar 2012 til febrúar 2013 fjölgaði þeim úr 274 í 281. Starfsmönnum sem sinna heimahjúkrun hefur einnig fjölgað, en stærsti hluti skjólstæðinga heimahjúkrunar eru aldraðir einstaklingar eða um 80%.

Eins og undanfarin ár var leitast við að fylgjast með nýjungum á sviði öldrunarþjónustu



meðal annars með því að sækja málþing og ráðstefnur sem í boði voru hér heima. Fagdeild öldrunarhjúkrunarfræðinga hefur boðið upp á ýmis áhugaverð erindi um mál er tengjast öldrunarþjónustu og hefur það reynst gott innlegg. Einnig var haldin ráðstefna um öldrunarmál á vegum Sjómannadagsráðs þar sem leitað var svara við því hvornig gera mætti enn betur og meðal annars rætt um mikilvægi samfelldrar þjónustu-keðju. Öldrunarráð Íslands bauð einnig upp á ráðstefnu um virkni á efri árum og lífeyrismál en samband íslenskra sveitarfélaga er aðildarfélag að samtökunum.

FÉLAGSLEG HEIMAÞJÓNUSTA

Almennt

Nýjar reglur um félagslega heimaþjónustu voru unnar á árinu og tóku þær gildi í júní. Í þeim kemur fram að markmið með heimaþjónustu er að efla notanda til sjálfsbjargar og sjálfræðis og gera honum kleift að búa sem lengst á eigin heimili við sem eðlilegastar aðstæður. Í reglunum er komið inn á vinnuáðstöðu starfsmanna inni á einkaheimilum og að þar þurfi að gæta fyllsta öryggis og tryggja starfsmönnum góðan aðbúnað. Skapast þær aðstæður inni á heimilinu að öryggi starfsfólks sé ógnað, t.d. vegna óreglu, áreitni eða ógnandi hegðunar, þarf tafarlaust að gera viðeigandi ráðstafanir. Samkvæmt reglunum felur félagsleg heimaþjónusta í sér eftirfarandi þjónustupætti; aðstoð við heimilisþrif, aðstoð við innkaup, félagslegan stuðning og heimsendingu á matarbökkum.


Á árinu nutu 650 heimili í Kópavogi félagslegrar heimaþjónustu og eru aldraðir einstaklingar 545 einstaklingar, eða tæp 84% notenda.



Alls störfuðu 37 starfsmenn við verkefni heimaþjónustu á árinu í 34,2 stöðugildum, þar af 28 starfsmenn í fullu starfi en aðrir í hlutastarfi. Eins og undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á fræðslu til starfsmanna sem nýtist þeim bæði í starfi og utan þess. Í febrúar var starfsmönnum heimaþjónustu boðið upp á námskeið í heilsuefningu og sjálfsstyrkingu. Þar var farið vítt og breitt yfir það hvornig hægt væri að gæða lífið meiri hamingju og finna styrkleika til þess að ná settum markmiðum. Var námskeiðið mjög áhugavert og almenn ánægja með innihald þess og uppbyggingu. Einn starfsmaður heimaþjónustu lauk félagsliðanámi á árinu, en verið er að skoða það að bjóða upp á sérhæft nám fyrir starfsmenn í heimaþjónustu sem er aðlagð að störfum þeirra.

Boðið var upp á kynningu á samruna félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar

Fjöldi heimila með heimaþjónustu
2003 - 2012



fyrir stjórnendur í heimaþjónustu, þar sem farið var yfir það ferli samþættingar sem unnið hefur verið að síðastliðin ár. Heimahjúkrun og heimaþjónusta í Reykjavík sameinuðust í lok árs 2008 og mynda nú samhæfða heild gagnvart notanda. Voru aðilar sammála um að gæði þjónustunnar skilaði sér mun betur til notenda en fyrir sameininguna.


Alls voru haldnir 11 málafundir heimaþjónustu. Á slíkum fundum er farið yfir umsóknir um heimsendan mat og félagslega heimaþjónustu. Á fundunum eru einnig teknar ákvarðanir um umfang og eðli þeirrar þjónustu sem veita skal hverjum og einum umsækjanda. Að lokum er umsækjanda sent skriflegt svar þar sem fram kemur niðurstaða úr þjónustumati og hvenær þjónustan mun hefjast. Alls bárust um 130 umsóknir um félagslega heimaþjónustu og heimsendan mat.

Notkun samskiptabókar í heimaþjónustu hefur gefist mjög vel og eru aðilar sammála um að hún nýtist sem skildi í samskiptum við aðstandendur þar sem slíkt á við. Í bókina geta starfsmenn og/eða aðstandendur skráð skilaboð og/eða upplýst hvor annan um þætti sem komið hafa upp inni á heimilum og þarfnast úrbóta.

Heimsendur matur

Heimsendur matur er fyrir þá einstaklinga sem ekki geta nýtt sér önnur úrræði varðandi aðgengi að mat. Um 70 heimili nýta sér matarsendingar í mánuði hverjum og eru einstaklingar 80 ára og eldri í meirihluta. Nokkuð hefur dregið úr heimsendum mat sl. tvö ár eins og sjá má á mynd og má mögulega leita skýringa í að einstaklingar sæki frekar í að borða í félagsmiðstöðvum fyrir eldri borgara, en talsverð aukning hefur orðið m.a. á gestum sem borða í nýlegu félagsheimili Boðanum.

Fjöldi heimila með heimsendan mat og fjöldi matarskammta



VISTUNARMÁL

Almennt

Á árinu sótti 61 einstaklingur um færni- og heilsumat. Hverri umsókn þarf að gefa umsögn um félagslegar aðstæður umsækjanda og þjónustu sem hann nýtur. Aukin ásókn er í þjónustu heimahjúkrunar og heimaþjónustu þar sem nær ekkert er verið að taka inn í dvalarrými og þeim sem bíða eftir slíku úrræði bent á að nýta sér í millitíðinni

þjónustu heimahjúkrunar og félagsþjónustu sem í boði er. Einnig hefur minna verið tekið inn í hjúkrunarrými úr heimahúsum þar sem sjúkrahúsin eru í forgangi með að koma öldruðum innliggjandi einstaklingum á slík heimili.

VISTUNARÚRRÆÐI

Varanlega vistunarúrræði á vegum Kópavogsbæjar eru 10 hjúkrunarrými fyrir minnis-sjúka í sambýli Roðasala. Að auki eru 73 hjúkrunarrými í Sunnuhlíð og 44 hjúkrunar-rými í Hrafnistu Kópavogi, eða alls 127. Til þess að komast í hjúkrunarrými verður ein-staklingur að eiga gilt færni- og heilsumat. Þann 1. júní 2012 gekk í gildi ný reglugerð velferðarráðherra sem kveður á um störf færni- og heilsumatsnefnda og breytt fyrir-komulag við mat á þörf fólks fyrir búsetu í dvalar- og hjúkrunarrými eða tímabundna hvíldarinnlögn. Með breytingunni 1. júní hafa vistunarmatsnefndir hjúkrunar- og dvalar-rýma verið sameinaðar. Í þeirra stað hefur verið skipuð ein færni- og heilsumatsnefnd í hverju heilbrigðisumdæmi sem metur þörf fólks fyrir þessi úrræði Sameining nefndanna er gerð í samræmi við breytingu á lögum um málefni aldraðra og lögum um heil-brigðisþjónustu sem Alþingi samþykkti 20. mars 2012.

Færni- og heilsumat er einstaklingsbundið mat á þörfum einstaklinga fyrir varanlega búsetu á hjúkrunar- og dvalarheimilum. Um er að ræða staðlað mat ásamt skil-greindum upplýsingum frá heilbrigðis- og félagsþjónustu auk læknabréfa frá læknum viðkomandi eftir því sem við á. Metnar eru félagslegar aðstæður, heilsufar og andlegt ástand auk þess sem metin er færni í athöfnum daglegs lífs og gefur niðurstaða færni- og heilsumats til kynna hversu mikil þörf er fyrir langtíma búsetu á hjúkrunar- eða dvalarheimilum. Færni- og heilsumatsferlið er sniðið að erlendri fyrirmynd og hefur gefist vel. Matinu er ætlað að endurspeglar raunverulega þörf fólks sem þarf á varan-legri búsetu á hjúkrunar- eða dvalarheimili að halda, óháð aldri.

Sunnuhlíð

Í Sunnuhlíð hjúkrunarheimili eru 72 rými, sem skiptast í 68 föst pláss og 4 rými fyrir hvíldarinnlagnir. Á árinu voru 23 heimilismenn innritaðir í fast pláss, 13 konur og 10 karlar. Á árinu voru 40 innlagnir í skammtímapláss/hvíldarinnlögn og komu sumir ein-staklingarnir oftar en einu sinni yfir árið til slíkrar skammtímadvalar.

Hrafnista Kópavogi

Hrafnista Kópavogi tók til starfa í mars 2010 og er með 44 rými fyrir heimilismenn. Á árinu 2012 innrituðust 17 einstaklingar, 10 konur og 7 karlar. Hrafnista Kópavogi er rekin eftir hugmyndafræði í öldrunarþjónustu, þar sem rík áhersla er lögð á sjálfsákvörðunarrétt og þátttöku íbúa. Tekið er það besta frá sjálfstæðri búsetu og sameinað öryggi hjúkrunarheimilis. Starfsfólk og íbúar vinna saman við að skapa heimilislegt, hlýlegt og virkt samfélag. Góð reynsla er komin á þessa nýju hugmynda-fræði og ríkir almenn ánægja með þetta form öldrunarþjónustu. Verið er að skoða með bygginu viðbótar hjúkrunarrýma en gert er ráð fyrir að bætt verði við alls 44 rýmum á næstu árum sbr. fyrirliggjandi leyfi velferðarráðuneytisins.

Önnur úrræði

Tímabundin úrræði í Kópavogi eru dagþjálfanir, sem eru staðsettar í Roðasölum, 20 pláss, í Sunnuhlíð 16, pláss og í Hrafnistu Boðapíngi, 30 pláss.

Roðasalir – Hjúkrunarheimili og dagþjálfun

Á árinu 2012, sem var áttunda starfsár Roðasala, bjuggu 10 einstaklingar í hjúkrunar-sambýlinu. Þetta árið innritaðist engin einstaklingur á heimilið. Í skipulagðar hvíldarinn-lagnir komu 18 einstaklingar og af þeim voru 14 sem voru fastir daggestir í dagþjálfun Roðasala. Í Roðasölum er einnig starfrækt dagþjálfun fyrir minnissjúka þar sem 20 ein-staklingar njóta þjónustu alla virka daga, en 11 nýjir einstaklingar innrituðust á árinu. Biðlisti hefur verið nokkur eftir að komast inn í dagþjálfun en slíkt úrræði styður við lengri búsetu einstaklings heima fyrir og eykur lífsgæði hans.

Í Roðasölum er hefur allt frá opnun verið lögð áhersla á aðlaðandi, notalegt og heimilislegt umhverfi og í sambýlinu er allur matur eldaður á staðnum. Að auki er tóms-tundastarf og líkamspjálfun ásamt því að virkja fólk eins og hægt er til þátttöku í dag-legum verkefnum heimilisins, í hávegum haft.

Að venju var haldið þorablót og vorfagnaður í Roðasölum og aðstandendum boðið í

aðventukaffi í jólamánuði Mikið er lagt upp úr góðu sambandi við aðstandendur og afar mikilvægur þáttur í starfinu er stuðningur við þá einstaklinga sem koma nýir inn í sam-
býlið eða byrja í dagbjálfun. Þegar sækja þarf um færni- og heilsumat koma
aðstandendur á fund til forstöðumanns til að undirbúa umsókn og allar umsóknir eru
yfirfarnar af forstöðumanni áður en þær eru sendar til nefndar sem metur þær.

Sú breyting varð á ferli hvíldarinnlagna að skylt er að fá formlegt leyfi frá færni- og heil-
sumatsnefnd til að einstaklingur geti fengið hvíldarinnlögn. Þetta kallar á aukna vinnu
og meira álag á starfseminu í Roðasölum, en við gerð umsókna þarf að gefa upp ná-
kvæmar upplýsingar um heilsufar og aðstæður viðkomandi.

Haldið var námskeið fyrir starfsmenn í skyndihjálpi og endurlífgun og starfsdagur var
haldinn í dagbjálfun Roðasala þar sem haldin voru stutt erindi og í lokin endað á
vettvangsheimsókn í Maríuhús.

BARNAVERND

Barnaverndarnefnd Kópavogs fer með verkefni barnaverndarlaga nr. 80/2002 og ber ábyrgð á meðferð barnaverndarmála. Fulltrúar nefndarinnar eru 5 og varafulltrúar jafnmargir.

Starfsmenn barnaverndar vinna í umboði barnaverndarnefndar og bera ábyrgð á framkvæmd mála sem unnin eru samkvæmt barnaverndarlögum.

Barnaverndarnefnd fundaði tólf sinnum á árinu og fjallaði um mál 20 barna. Nefndin úrskurðaði um vistun fimm barna utan heimilis og einu sinni um þvingunarúrræði án töku barns af heimilinu. Einnig var unnið að umsögnum vegna umsókna um að gerast fósturforeldrar og stuðningsforeldrar og voru þær lagðar fyrir nefndina sem og umsagnir vegna umgengismála sem sýslumannsembættin óskuðu eftir.

STARFSMANNAHALD

Við barnavernd starfa 10 starfsmenn. Við vinnslu barnaverndarmála eru 7,0 stöðugildi, 1,0 stöðugildi yfirmanns, 0,40 stöðugildi við vinnslu stuðningsúrræða samkvæmt barnaverndarlögum og 2,2 stöðugildi í Áttunni - uppeldisráðgjöf. Samtals eru stöðugildi deildarinnar 10,6.

Deildarstjóri er Anna Eygló Karlsdóttir félagsráðgjafi.

BARNAVERNDARSTARF

Markmið barnaverndar samkvæmt barnaverndarlögum er að tryggja börnum viðunandi uppeldisskilyrði og hlutverk barnaverndar er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi uppeldisaðstæður og börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð.

Það er gert með því að styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu og beita úrræðum til verndar börnum þegar það á við. Þegar tilkynning berst til barnaverndar um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun barns taka starfsmenn barnaverndar ákvörðun um hvort hefja skuli könnun málsins. Foreldrum er sent bréf til upplýsinga um að tilkynning hafi borist. Nefndinni ber einnig að staðfesta móttöku tilkynningar með bréfi til tilkynnanda.

Málefni barna eru unnin á grundvelli barnaverndarlaga. Við vinnslu barnaverndarmála er megin áherslan lögð á aðstæður og líðan barna, að talað sé við börnin og að þau fái að koma sjónarmiðum sínum og skoðunum á framfæri í samræmi við aldur þeirra og þroska. Áhersla er jafnframt á samvinnu við foreldra og samstarf er haft við aðrar fagstéttir sem koma að málefnum barna þegar það á við.


Fyllsta trúnaðar er gætt við vinnslu barnaverndarmála.

Starfsmenn barnaverndar vinna úttektir vegna umsókna um leyfi til að gerast fósturforeldrar og stuðningsfjölskyldur. Umsagnir barnaverndarnefnda samkvæmt öðrum lögum en barnaverndarlögum eru vegna umgengismála frá sýslumannsembættum en þau eru unnin samkvæmt barnalögum og vegna umsagna um ættleiðingu sem unnar

eru samkvæmt lögum um ættleiðingar.

TILKYNNINGAR


Mál hjá barnavernd hefst þegar tilkynning berst um aðbúnað barns eða ef tilkynnt er að barn stofni heilsu sinni og þroska í hættu. Á árinu bárust 719 tilkynningar til barnaverndar vegna 462 barna. Af þeim voru 64 tilkynningar undir nafnleynd. Alls bárust 16 tilkynningar í gegnum 112 og er það 3% af heildarfjölda tilkynninga.



Á mynd fyrir ofan er yfirlit yfir fjölda barnaverndartilkynninga og fjölda barna sem tilkynningarnar vörðuðu á árunum 2003 – 2012.

Tilkynningum fækkaði á landsvísi árið 2008. Í fyrstu var litið svo á að þetta ár væri undantekning frá annars nokkuð stöðugri fjölgun tilkynninga en nú sést að þróunin er á þann veg að tilkynningum fer fækkandi. Þó að fjöldi tilkynninga sé vísbending um stöðu málaflokksins þá gefa aðrir þættir eins og fjöldi barna sem tilkynnt er um, fjöldi tilkynninga þar sem ákveðið er að hefja könnun máls og alvarleiki mála betri mynd á umfang og stöðu barnaverndar.

Á mynd hér fyrir neðan má sjá hlutfall barna í sveitarfélaginu sem tilkynnt var til barnaverndar. Hlutfallslega var tilkynnt um flest börn 2007 eða 7,0% barna í Kópavogi.



Í töflu hér fyrir neðan er yfirlit yfir ástæður tilkynninga. Tilkynningar vegna gruns um ofbeldi gegn börnum voru 209. Tilkynnt var um tilfinningalegt ofbeldi 139 sinnum og þar af var 77 sinnum tilkynnt um heimilisofbeldi eða ófrið milli foreldra. Líkamlegt ofbeldi var tilkynnt 38 sinnum og kynferðislegt ofbeldi 47 sinnum.




Tafla 1. Ástæður barnaverndartilkynninga						
	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Vanræksla	187	121	126	157	242	198
Ofbeldi	176	143	197	187	209	209
Áhættuhegðun	442	375	438	488	358	308
Heilsa og líf ófædds barns í hættu	0	0	1	3	1	4
Samtals	805	639	762	835	810	719

Tilkynningar vegna vanrækslu voru 198 á árinu; líkamleg vanræksla 27 sinnum, vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit 169 sinnum og þar af 64 sinnum vegna áfengis- og fíkniefnaneyslu foreldra. Tilkynningar um vanrækslu varðandi nám voru 7 og 34 sinnum var tilkynnt um tilfinningalega vanrækslu.


Tilkynningar um áhættu hegðun barna voru 308; 54 sinnum var tilkynnt um neyslu barns á vímuefnum, 17 sinnum um að barn stefndi eigin heilsu í hættu, 207 sinnum var tilkynnt um afbrot barns, 41 sinnum um að barn beitti ofbeldi og 20 sinnum um erfiðleika barns í skóla.

Fjórar tilkynningar bárust um að heilsa eða líf ófæddra barna væru í hættu.


Á eftirfarandi myndum er yfirlit yfir uppruna tilkynninga. Fyrsta myndin sýnir hlutfallslega skiptingu um uppruna tilkynninga á árinu. Myndir þar á eftir sýna samanburð milli ára frá 2003.




Uppruni barnaverndartilkynninga 2003-2012



Uppruni barnaverndartilkynninga 2003-2012



Uppruni barnaverndartilkynninga 2003-2012



BAKVAKTIR

Velferðarsvið starfrækir neyðarvakt vegna barnaverndarmála alla virka daga utan skrifstofutíma og um helgar. Þegar erindi berst á bakvakt er metið hvort þörf er á tafarlausri aðstoð eða hvort málið getur beðið næsta dags.

Þegar þörf er á eru bakvaktarstarfsmenn viðstaddir þegar lögregla tekur skýrslu af barni utan dagvinnutíma.

Símanúmer bakvaktar er auglýst á heimasíðu bæjarins. Einnig er samningur á milli barnaverndarnefnda og neyðarlínunnar um að neyðarlínan taki við barnaverndartilkynningum í númerinu 112 og gefi samband við bakvakt ef erindið er brýnt. ÚRRÆÐI BARNAVERNDAR

Fóstur

Með fóstur er átt við að barnaverndarnefnd feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barns í minnst þrjú mánuði. Fósturráðstafanir eru þrenns konar, tímabundið fóstur, varanlegt fóstur og styrkt fóstur. Barni er komið í tímabundið fóstur þegar ætla má að bæta megi aðstæður þess hjá foreldrum en í varanlegt fóstur þegar fyrirsjáanlegt er að aðstæður

barnsins verði ekki bættar á annan hátt. Styrkt fóstur á við þegar barn á við mikla hegðunarerfiðleika að stríða.

Starfsmenn barnaverndar leggja ríka áherslu á heimsóknir til barna í fóstri og á samvinnu við fósturforeldra.

Á árinu fóru sjö börn í tímabundið fóstur og hjá einu barni var tímabundnu fóstri breytt í varanlegt fóstur. Í lok ársins voru sjö börn í tímabundnu fóstri og átta í varanlegu fóstri. Ekkert barn fór í styrkt fóstur.

Áttan - uppeldisráðgjöf

Úrræðið Áttan –uppeldisráðgjöf veitir foreldrum ráðgjöf og stuðning við umönnun og uppeldi barna sinna. Um er að ræða persónulega þjónustu sem stendur að jafnaði yfir í 10-12 vikur. Haldinn er fundur með aðilum máls, forstöðumanni Áttunnar, ráðgjafa Áttunnar og ráðgjafa í barnavernd og farið yfir markmið stuðningsins. Ráðgjafi Áttunnar kemur síðan á heimili fjölskyldunnar tvisvar í viku og vinnur með foreldrum til að ná settum markmiðum. Ráðgjafinn vinnur að því að greina vanda fjölskyldu, finna lausnir og leiðbeina.

Á árinu voru 24 mál til vinnslu hjá Áttunni. Þar af lauk 17 málum formlega en einu máli var lokað þar sem foreldrar fluttu af þjónustusvæði. Alls voru sex mál enn í vinnslu um áramót. Að meðaltali voru sjö mál í vinnslu á mánuði. 40 börn fengu stuðning úrræðisins.

Ánægja hefur verið með tilkomu Áttunnar meðal starfsmanna barnaverndar sem telja úrræðið mikilvægan stuðning og þarfa viðbót við þann stuðning sem foreldrum býðst. Foreldrar hafa einnig lýst ánægju með þann stuðning sem úrræðið veitir.

Stöðugildi úrræðisins eru 2,2 og veitir Lilja Rós Agnarsdóttir félagsráðgjafi úrræðinu forstöðu.

Vistheimili

Þjónustusamningur er við einkaheimili sem tekur á móti börnum í neyð. Úrræðið er rekið skv. 84. gr. barnaverndarlaga. Á árinu voru 13 börn vistuð á heimilinu og dvöldu meður tveggja þeirra með þeim og fengu aðstoð.

Áhersla er lögð á að börnin sæki heimaskóla sinn á meðan á vistun stendur og að þau geti sinnt tólmstundum sínum.

Stuðningsfjölskyldur

Stuðningsfjölskyldur eru úrræði sem barnaverndarnefndir skulu hafa tiltæk samkvæmt barnaverndarlögum. Markmið stuðningsins er að tryggja öryggi barnsins, léttu álagi af barni og fjölskyldu þess og styðja foreldra í uppeldishlutverkinu. Heimilt er að vista barn hjá stuðningsfjölskyldu í allt að sjö daga samfelld.

Á árinu fóru níu börn til stuðningsfjölskyldna á vegum barnaverndar.

Persónulegir ráðgjafar

Persónulegur ráðgjafi er fenginn á vegum barnaverndar til að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í þeim tilgangi að styrkja barn félagslega og tilfinningalega í tengslum við tólmstundir, menntun og vinnu. Samband persónulegs ráðgjafa og barns skal byggja á gagnkvæmu trausti og vinsemd. Úrræðið reynist vel og er mikið notað sem stuðningsúrræði í barnavernd. Í lok ársins störfuðu 15 starfsmenn sem persónulegir ráðgjafar fyrir barnavernd.

Tilsjón

Tilsjónarmaður er fenginn á vegum barnaverndar til að aðstoða foreldra á þann hátt að það henti þörfum barnsins sem best. Tilsjón starfar á heimilum fjölskyldna og vinnur að fjölbreyttum verkefnum með foreldrum sem að mestu snúa að uppeldisráðgjöf og skipulagningu heimilisins. Fjórir starfsmenn störfuðu við tilsjón í lok árs.

Sumardvöl

Sumardvöl er úrræði á vegum barnaverndar þar sem börn dvelja hluta úr sumri í sveit. Sumarið 2012 fóru tvö börn í sumardvöl á vegum barnaverndar.

Sálfræðingur

Frá árinu 2007 hefur barnavernd haft sálfræðing í 50 % stöðu. Sálfræðingurinn hefur aðsetur hjá Heilsugæslu Kópavogs og eru tilvísanir vegna barna sem þurfa sálfræðiaðstoð sendar þangað.

Sæmundur Davíð Vikarsson sálfræðingur gegnir stöðunni.

SAMSTARF

Fagteymi skólaskrifstofu, Heilsugæslu, barnaverndar og Barna- og unglingageðdeildar Barnavernd, Heilsugæslan Hamraborg, Barna- og unglingageðdeild, skólaskrifstofa og barnavernd halda reglulega samstarfsfundi. Með skriflegu samþykki forsjáradila er fjallað um mál einstakra barna á fundunum og stuðningur við þau samþættur.

Lögregla

Barnavernd fær lögregluskýrslur ef afskipti hafa verið af barni, heimili þar sem barn býr og ef brotið er gegn barni. Starfsmenn barnaverndar og lögreglu halda vikulega samráðsfundi þar sem farið er yfir skýrslurnar og önnur verkefni sem tilheyra báðum stofnunum. Barnavernd upplýsir foreldra skriflega um að lögregluskýrsla hafi borist vegna barns þeirra.

Verkefni um heimilisofbeldi

Tilraunaverkefni vegna heimilisofbeldis á vegum Barnaverndarstofu var í vinnslu á árinu en samstarfsaðilar verkefnisins voru sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins og lögregla. Markmið verkefnisins var að veita börnum sem búið hafa við heimilisofbeldi sérhæfða aðstoð. Verkefnið fólst í því að starfsmaður Barnaverndarstofu fór með starfsmanni barnaverndar og lögreglu á heimili þar sem lögregla var kvödd til vegna ofbeldis. Hlutverk hans var að ræða við börnin og voru þeim einnig veitt meðferðarviðtöl í kjölfarið sem voru hluti af öðrum stuðningi barnaverndar við fjölskylduna.

ALMENN SKRIFSTOFA

Deildarstjóri er Atli Sturluson viðskiptafræðingur. Starfsmenn eru 6 talsins í 5,95 stöðugildum.

VERKSVIÐ

Almenn skrifstofa er stöðdeild innan velferðarsviðs og annast hún fjárhagslega umsýslu fyrir aðrar deildir sviðsins ásamt því að annast afgreiðslu stofnunarinnar og kostnaðareftirlit.

Skipulagsbreytingar sem áttu sér stað í byrjun árs 2011 hjá Kópavogsbæ höfðu töluverð áhrif á rekstrardeildina. Bókhald og umsýsla vegna félagslegra íbúða voru færð yfir til aðalbókhalds bæjarins og innheimtur leigu til innheimtudeildar. Heimgreiðslur og niðurgreiðslur til dagmæðra voru færðar yfir til menntasviðs. Með þessum verkefnum fluttu tvö stöðugildi frá velferðarsviði.

Um áramótin 2010/2011 tók Kópavogsbær yfir verkefni frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi. Almennri skrifstofu var falið að sjá um hluta af verkefnum sem tengdust þessari yfirfærsla og snéri það helst að eftirliti með kostnaðarstöðvum ásamt því að sjá um bókhald og eftirlit með umsýslu fjármunaíbúa með fötlun á heimilum.

Á árinu 2012 var haldið áfram að innleiða breytingar á vinnulagi og verkaskiptingu vegna aukinna verkefna sem skrifstofan var að taka við frá öðrum deildum. Átak var gert í að öll innkomin erindi væru skönnuð í One-Systems og var hluti af þeirri vinnu færð til skrifstofunnar. Áfram verður unnið að útfærslum og innleiðingu miðlægrar skönnunar þannig að allir sem þurfa aðgengi að gögnum einstaklinga geti gengið að þeim vísum í One-Systems. Þetta bætir þjónustu við íbúa þar sem þeir þurfa ekki að vera að skila gögnum til fleiri en eins aðila þó svo þeir noti margvíslega þjónustu hjá velferðarsviði.


Önnur verkefni sem almenna skrifstofan sér um eru:

- Greiðslur styrkja og lána og ábyrgð á innheimtu lána sem veitt eru af velferðarsviði.
- Tímaskráningu og kostnaðareftirlit vegna liðveitenda og tilsjónarstarfsmanna.
- Umsjón með almennri afgreiðslu stofnunarinnar.
- Greiðslu og umsýslu húsaleigubóta.
- Eftirlit með einstökum rekstrarþáttum sviðsins.
- Áætlanagerð velferðarsviðs í samvinnu við sviðsstjóra og deildarstjóra.
- Milliuppgjör og eftirfylgni með að kostnaður sé í samræmi við áætlanir.

Skrifstofan annast einnig um alla almenna ritaraþjónustu, símaþjónustu, umsjón með innkaupum rekstrarvara og umsjón með tölvu- og hugbúnaðarmálum stofnunarinnar í samvinnu við upplýsingatæknideild bæjarins.

HÚSALEIGUBÆTUR

Húsaleigubætur hafa verið greiddar í Kópavogi frá árinu 1998. Í apríl 2009 var byrjað að greiða sérstakar húsaleigubætur til leigutaka á almennum leigumarkaði. Lögð var áhersla á að aðstoðin nýttist tekjulægstu einstaklingunum. Á mynd sést þróun útgreiddra húsaleigubóta frá árinu 2002 til 2012 á verðlagi desember 2012. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga endurgreiðir u.þ.b. 54,0% af útgreiddum almennum bótum og 60% af sérstökum húsaleigubótum.



Útgreiddar húsaleigubætur fóru vaxandi á árunum 2007 til 2010 en stóðu í stað eftir það þar sem skerðingarmörk hækkuðu ekki í takt við verðlag á þeim tíma. Á árinu 2012 voru greiddar út ríflega 288 milljónir króna í húsaleigubætur, þar af voru sérstakar húsaleigubætur 44 milljónir. Heildarfjöldi heimila með húsaleigubætur í desember var 937 eða 606 í almenna leigukerfinu og 331 í félagslega kerfinu. Alls fengu um 1.170 heimili einhverjar húsaleigubætur á árinu 2012 og þar af 427 heimili sérstakar húsaleigubætur. Hluttur velferðarsviðs í greiðslu húsaleigubóta var kr. 125.000.000.

Þróun verkefna

Þróun verkefna er í höndum verkefnastjóra velferðarsviðsins sem er Rannveig María Þorsteinsdóttir. Stofnað var til starfs verkefnastjóra á árinu 2004.

Verksvið

Verkefnastjóri tekur þátt í stefnumótun, framþróun og nýsköpun innan velferðarsviðsins í samráði og samvinnu við sviðsstjóra og starfsmenn. Önnur helstu verkefni hans eru:


- Tímabundin stjórn á ákveðnum verkefnum.
- Umsjón með upplýsingaöryggiskerfi.
- Málefni innflytjenda.
- Fræðslumál.
- Útgáfumál.

VERKEFNI

Unnið var með deildum stofnunarinnar að ýmsum verkefnum í samstarfi við deildarstjóra og starfsmenn. Unnar voru umsagnir vegna styrkbeiðna, unnið að gagnaöflun og úrvinnslu á upplýsingum varðandi ólíka verþætti og starfsemi velferðarsviðsins og innleiðingu á nýrri þjónustu í atvinnumálum.

Atvinnumál

Frá bankahruni hefur verið haldið utan um tölulegar upplýsingar sem varða félagslega velferð íbúa og verkefni velferðarsviðsins. Ástand í efnahagsmálum endurspeglast m.a. í atvinnupátttöku og fjölda atvinnuleitenda á skrá hjá Vinnumálastofnun (VMST).



Á mynd hér fyrir neðan er yfirlit yfir Kópavogsbúa sem skráðir eru atvinnulausir frá ársbyrjun 2003. Í kjölfar hrunsins nær atvinnuleysi hámarki í apríl 2009 en þá voru 1670 íbúar skráðir í atvinnuleit hjá VMST. Skráð atvinnuleysi minnkar í framhaldinu og var lægst í september 2012 þegar 838 voru á skrá. Í lok árs voru 921 íbúi á atvinnuleysis-skrá.

Reynt var að spyrna við fótum og stuðla að aukinni atvinnuþátttöku vinnufærra íbúa með ýmsum atvinnuúrræðum. Stofnað var til Atvinnutorgs 1. mars fyrir ungt fólk í samstarfi við Vinnuálastofnun og velferðarráðuneytið en því var og er ætlað að veita atvinnulausum vinnufærum ungmönnum á aldrinum 16-25 ára einstaklingsmiðaða atvinnutengda ráðgjöf og stuðning til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Tveir starfsmenn sinntu verkefnum Atvinnutorgs Kópavogsbæjar á árinu, annar í 1,0 stöðugildi hjá bænum en hinn í 0,4 stöðugildi hjá VMST. Síðla vors var ákveðið að Kópavogsbær yrði þátttakandi í átaksverkefninu Vinnandi vegur í samstarfi við VMST og voru 13 Kópavogsbúar ráðnir í tímabundin störf hjá bænum, flestir í eitt ár. Einn starfsmaður sinnti þessu verkefni í tæpa þrjú mánuði í 0,5 stöðugildi. Þá hófst undirbúningsvinna síðla árs við undirbúning átaksverkefnisins Líðsstyrks í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins að búa til tímabundin störf fyrir atvinnuleitendur á öllum aldri sem höfðu fullnýtt rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Lögð voru drög að stofnun sérstaks Atvinnuvers á velferðarsviðinu og því skipað innan ráðgjafa og íbúðadeildar sviðsins.



Upplýsingaöryggiskerfi

Upplýsingaöryggiskerfi velferðarsviðsins var innleitt vorið 2004. Verkefnastjóri er öryggisstjóri og hefur umsjón og eftirlit með að farið sé eftir öryggisstefnu og öryggisreglum og annast fræðslu um öryggismál fyrir nýja starfsmenn.

Málefni innflytjenda

Verkefnastjóri fylgir eftir stefnu Kópavogsbæjar í málefnum innflytjenda sem samþykkt var í bæjarstjórn í september 2001.

Erlendir ríkisborgarar voru 1794 eða 5,6% af íbúafjölda Kópavogs á árinu (Hagstofa Íslands). Á landinu öllu var hlutfall erlendra ríkisborgara af íbúafjölda hærra eða 6,6%.



Hlutfallstölur héldust óbreyttar frá síðasta ári.

Erlendum ríkisborgurum fjölgaði í Kópavogi um 37 frá síðasta ári. Af þessum 1794 voru langflestir frá Póllandi eða samtals 864 sem er 48,2% af öllum erlendum ríkisborgurum í bænum. Þá voru á árinu 176 frá Litháen, 116 frá Lettlandi, 63 frá Danmörku og 60 frá Portúgal svo fjölmennustu ríkin séu nefnd. Heildarfjöldi þjóðlanda í Kópavogi var 83, sem er sami fjöldi og var á síðasta ári.


Starfsmannamál

Starfsmannafundir eru alla jafna haldnir einu sinni í mánuði en þeir eru vettvangur fyrir upplýsingar og umræður um starfsmannamál og ákvarðanir varðandi velferðarsviðið.

Starfsdagur velferðarsviðsins var haldinn í maí. Fjallað var um skipurit sviðsins og lagðar fram tillögur um nýja skipan á ýmsum verkefnum og þjónustu á sviðinu. Leiðarljósið í þeirri vinnu var að samþætta þjónustu og draga úr aðgreiningu íbúa án þess þó að missa sérhæfingu og sérþekkingu starfsmanna í einstökum málaflokkum. Þá var fjallað um eftirtalin efni:

- Öryggi starfsmanns í vinnu og einkalífi
- Starfsmaður og vinnustaðurinn
- Velferðarsviðið er þjónustustofnun

Gerð var könnun á starfsánægju á árinu. Könnunin var rafræn með 46 spurningum um líðan starfsmanna, álag í starfi, stjórnun, samskipti og samstarf innan deilda og á sviðinu í heild. Einnig voru opnar spurningar um það sem betur mætti fara og það sem er í góðu horfi og um stjórnun sviðsstjórans. Niðurstöðurnar voru kynntar á starfsdegi



og reyndist almennt vera ánægja hjá starfsmönnum velferðarsviðs með vinnustaðinn sinn.

Starfsmannasamtöl voru haldin sjöunda árið í röð en þau eru stór þáttur í gerð símenntunaráætlunar bæjarins fyrir starfsmenn.

Fræðsla

Áhersla er lögð á að bjóða starfsmönnum fræðslu til að styrkja þá og efla í starfi. Er ýmist um að ræða reglulega fræðslufundi, stutt námskeið eða starfsdaga.

Fræðslufundir fyrir alla starfsmenn voru nokkrir á árinu, fjallað var um fjárhagsáætlun og stöðu einstakra málaflokka, fjármálastjóri kynnti horfur í efnahagsmálum og skjalastjóri fjallaði um skjalavistunarkerfi bæjarins, One-Systems, og innleiðingu þess á sviðinu. Edda Ólafsdóttir félagsráðgjafi hélt erindi um málefni innflytjenda og Jolanta Polanska kynnti fyrir starfsmönnum hvernig rétt er að nýta túlkabjónustu. Starfsmenn sviðsins kynntu einnig sín sérsvið, t.d. atvinnuráðgjöf fyrir vinnufæra einstaklinga. Þá var tekið á móti kollegum frá Þjónustumiðstöð Breiðholts og þeim kynnt fyrirkomulag þjónustunnar og einstakir þættir hennar.

Útgáfumál

Starfsmannahandbók velferðarsviðsins *“Vegvísir fyrir starfsmenn”* kom út árið 2006. Uppfærsla hennar er í höndum verkefnastjóra. Bókinni er ætlað að veita upplýsingar um uppbyggingu og boðleiðir innan stofnunarinnar og bæjarkerfisins, veita yfirsýn yfir starfsumhverfi, öryggismál, starfshætti og starfsvenjur ásamt því að auka hagræði með

Því að veita beinan aðgang að t.d. reglum, eyðublöðum stofnunarinnar og öðrum upplýsingum t.d. á netinu.

Einnig var á árinu sinnt hefðbundnum verkefnum í útgáfumálum, eins og ársskýrslu- og bæklingagerð og uppfærslu á heimasíðu.

Lögfræðingur

Lögfræðingur var ráðinn til starfa á velferðarsviði árið 2009. Starfinu gegnir Ása Arnfríður Kristjánsdóttir héraðsdómslögmaður en hún fer jafnframt með hlutverk jafnréttisráðgjafa bæjarins í 25% starfi.

Hlutverk lögfræðingsins er að veita starfsmönnum stofnunarinnar lögfræðilega ráðgjöf og handleiðslu. Megin verkefni hans felast m.a. í að:

- Semja drög að bókunum og úrskurðum barnaverndarnefndar.
- Annast rekstur barnaverndarmála fyrir dómstólum.
- Annast samskipti við lögmenn, kærunefnd barnaverndarmála, kærunefnd húsnæðismála og félagsþjónustu, Barnaverndarstofu og Umboðsmann Alþingis.
- Annast umsagnir um lagafrumvörp.
- Annast ákvarðanatöku varðandi beiðnir um aðgang að gögnum.
- Annast ákvarðanatöku varðandi beiðnir um styrki vegna lögmannaástoðar og eftirlit með reikningum.
- Annast gerð vinnu- og verklagsreglna í öllum deildum velferðarsviðs í samvinnu við deildarstjóra.
- Starfsmaður jafnréttis- og mannréttindaráðs.
- Er sérstakur ráðgjafi bæjarstjóra í jafnréttismálum og fylgir eftir jafnréttisstefnu bæjarins.

Velferðarsvið Kópavogsbæjar

Fannborg 4

200 Kópavogur

Sími 570 1500

Símbréf 570 1401

www.kopavogur.is

